

Samiðn skorar á heilbrigðisráðherra að standa við fyrirheit stjórnvalda um 50.000 kr. kostnaðarþak á greiðsluþátttöku sjúklinga.

Eitt af grunnstefum okkar velferðakerfis hefur verið að allir eigi að hafa aðgang að heilbrigðisþjónustu án tillits til efnahags. Greiðsluþátttaka sjúklinga hefur farið vaxandi og er svo komið að hún er farin að takmarka aðgang almennings að heilbrigðiskerfinu.

Við þessu er brýnt að bregðast með því að setja hámark á kostnaðarþátttöku sjúklinga. Samkomulag var við síðustu ríkisstjórn um að greiðsluþátttaka sjúklinga yrði ekki hærri en 50.000 kr. á 12 mánaða tímabili.

Samiðn skorar á núverandi heilbrigðisráðherra að standa við gefin fyrirheit og tryggja að greiðsluþátttaka sjúklinga verði aldrei hærri en 50.000 kr. á 12 mánaða tímabili.

Samiðn hafnar hugmyndum sem fram hafa komið að sjúklingar sem sjaldan þurfa að sækja þjónustu í heilbrigðiskerfinu fjármagni þessar breytingar.“

Reykjavík, 3. apríl 2017